



1. Hildur Ýr og strætó



H2.85-H2.86

Hildur Ýr vinnur sem skólaliði í grunnskóla. Hún þarf að taka strætó í vinnuna á hverjum morgni klukkan hálfátta. Hún þarf að skipta um strætó á skiptistöð og er lengi á leiðinni. Þegar Hildur Ýr situr í strætó lætur hún sig dreyma um að flytja til New York og vinna sem módel. Hún hefur aldrei farið til Ameríku. Stundum sofnar hún á leiðinni og missir af rétttri stoppistöð. Þá þarf hún að hlaupa til að ná í vinnuna á réttum tíma. Hún vinnur líka aukavinnu um helgar í ísbúð af því að hún er að safna pening til að geta farið til útlanda.

Maður: Get ég aðstoðað?

Hildur Ýr: Já, ég ætla að fá þriggja (3) mánaða strætókort.

Maður: Frá og með deginum í dag?

Hildur Ýr: Nei, frá morgundeginum.

Maður: Gjörðu svo vel. Eitthvað fleira?

Hildur Ýr: Eina appelsín og tyggjó og ... líka einn skafmiða.

Ég ætla að sjá hvort ég vinni milljón og geti farið til útlanda!

Maður: Gangi þér vel vina mín!



1.1 Hlustaðu á samtalið og skrifaðu orðin sem vantar



H2.87

Í aukavinnunni

Hildur Ýr: O, ég vildi að _____ væri komið!

Signý: Af _____? Hvað _____ þú að gera?

Hildur Ýr: Ég ætla _____ New York í sumar. Ég _____ komast!

Signý: Ertu ekki _____ að spara í allan _____?

Hildur Ýr: Jú, svona eins og ég _____. Ég kaupi bara of marga skafmiða og lottómiða!

Signý: Það þýðir nú _____ að treysta á það!

Hildur Ýr: Nei, ég veit. Ég er líka _____ að passa börn. Veistu hvaða strætó fer á Gullstíg? Ég á að passa _____ þar á morgun.

Signý: Hef ekki hugmynd! Kíktu bara á netið og tékkaðu á því.

Hildur Ýr: O, ég er svo þreytt á að vera alltaf í _____!

Hefur þú farið til Akureyrar?

Já, **ég hef farið** einu sinni.

Hefur hann farið til Póllands?

Nei, **hann hefur aldrei farið**.

Hefur hún farið í sund á Íslandi?

Já, **hún hefur farið**.

Já, ég held það. Ég er ekki viss.

Nei, **hún hefur ekki farið** í sund.

Já, oft og mörgum sinnum!



Hvað segir Fríða frænka?

Kíktu á www.straeto.is. Þar getur þú séð allar strætóleiðir og hvaða strætó þú þarft að taka. Það er líka hægt að kaupa strætókort á netinu.



2. Á umferðarmiðstöðinni



H2.88

Rosalyn fór í gær að heimsækja systur sína sem býr á Húsavík. Hún fór með rútu til Akureyrar og var sjö tíma á leiðinni. Systir hennar sótti hana til Akureyrar og þær keyrðu þaðan til Húsavíkur. Maður Rosalyn keyrir í dag til Húsavíkur.

Þau ætla að hjálpa fjölskyldunni á Húsavík að mála þakið á húsinu og smíða pall. Maðurinn hennar Rosalyn er smiður.

að sækja

Ég **sæki** systur mína **í dag**.

Ég **sótti** systur mína **í gær**.



2.1 Rosalyn kaupir rútimiða

Hlustaðu á samtalið og merktu við rétt svar



H2.89

1. Rosalyn ætlar að kaupa miða til

- a. Reykjavíkur
- b. Húsavíkur
- c. Akureyrar



2. Hún kaupir miða

- a. á netinu
- b. aðra leið
- c. báðar leiðir

3. Það eru ferðir á milli Reykjavíkur og Akureyrar

- a. á hverjum degi
- b. annan hvern dag
- c. vikulega

4. Hvenær leggur rútan af stað?

- a. klukkan sjö
- b. klukkan hálfnú
- c. klukkan níu

5. Hvað þarf Rosalyn að vera lengi í rútnni?

- a. sjö og hálfan tíma
- b. níu tíma
- c. sjö tíma

Hvað kostar	Í strætó? strætókort? rútimiði til Hellu?
Ég ætla að fá	rútimiða báðar leiðir . miða aðra leið . skiptimiða (í strætó).
Hvert fer þessi strætó? Stoppar þessi strætó á Hlemmi? Fer þessi strætó niður í bæ? Hvaða strætó fer á Landspítalann?	Hann fer í Breiðholtið. Já. Já, hann fer í bæinn (miðbæinn). Strætó númer ...
Hvað er rútan lengi á leiðinni ?	Hún er fimm tíma á leiðinni .


2.2 Tölum saman!

- a) Notar þú strætó á Íslandi?
- b) Hefur þú farið með rútu á Íslandi?
- c) Hefur þú farið til Akureyrar?
- d) Langar þig í skoðunarferð um Ísland?
- e) Hvert langar þig að fara?

Já, ég hef farið ... / Nei, ég hef aldrei farið ...

2.3 Vinnið tvö saman. Búið til samtal á strætóstöð eða rútustöð





Hvað segir Fríða frænka?

Á netinu er upplýsingar um rútuferðir um allt Ísland. Kíktu á www.bsi.is. Þar er líka hægt að bóka skoðunarferðir. Það er líka hægt að fljúga innanlands á Íslandi og kaupa flugmiða á netinu.

3. Að stofna bankareikning



H2.90

- Markús: Góðan dag. Mig langar að stofna bankareikning og fá debetkort.
- Kona: Þá þarftu að tala við þjónustufulltrúa. Taktu númer þarna.
- Þjónustufulltrúi: Daginn. Get ég hjálpað þér?
- Markús: Já, góðan daginn. Ég ætla að stofna reikning og fá debetkort.
- Þjónustufulltrúi: Alveg sjálfsagt. Viltu fylla út þetta eyðublað fyrir mig?
- Markús: Ég skil ekki alveg blaðið. Geturðu hjálpað mér?
- Þjónustufulltrúi: Allt í lagi. Ég skal bara spyrja þig og skrifa svörin. Hvað er fullt nafn?
- Markús: Markús Aron Johnstone. Og kennitalan mín er 241287-2819.
- Þjónustufulltrúi: Hvert er lögheimili þitt?
- Markús: Kambasel 37, í Reykjavík.
- Þjónustufulltrúi: Og hvað er pósthúsið þar?
- Markús: 109.
- Þjónustufulltrúi: Sími og netfang hjá þér? →

- Markús: Síminn er 697 3245. Netfangið mitt er hotmarkus@hotmail.com
- Þjónustufulltrúi: Já, já. Og hvert er ríkisfangið þitt?
- Markús: Ha, hvað meinarðu?
- Þjónustufulltrúi: Hvernig vegabréf ertu með?
Frá hvaða landi ertu?
- Markús: Ó, ég skil. Ég er frá Ástralíu.
Hérna er vegabréfið mitt.
- Þjónustufulltrúi: Þá er þetta komið. Skrifaðu undir hérna. Þú getur fengið reikning
númer 1224. Skrifaðu líka leylinúmer til að geta millifært
í heimabankanum. Þú vilt fá aðgang að heimabanka, er það ekki?
- Markús: Jú, auðvitað. Hvað þarf ég að bíða lengi? Hvenær verður debetkortið
tilbúið?
- Þjónustufulltrúi: Eftir svona 2-3 daga. Ertu með mynd af þér?
- Markús: Já, hún er hérna gjörðu svo vel. Ég var næstum búinn að gleyma myndinni.
- Þjónustufulltrúi: Þá er þetta tilbúið. Hér eru pappírar fyrir þig og afrit af samningnum.



3.1 Skrifaðu réttar upplýsingar á eyðublaðið fyrir Markús



P INN BANKI	
Fornafn:	Eftirnafn:
Lögheimili:	Póstnúmer:
Sveitarfélag:	Sími:
Netfang:	Ríkisfang:
Reikningsnúmer:	Leyninúmer:



Hvað segir Fríða frænka?

Hvaða eyðublöð þarftu að fylla út á Íslandi?



- Umsókn um dvalarleyfi (www.utl.is)?
- Beiðni um skráningu og úthlutun kennitölu erlends ríkisborgara? (www.thjodskra.is)
- Flutningstillkynning innanlands? (www.thjodskra.is)
- Beiðni um skráningu sambúðar í þjóðskrá? (www.thjodskra.is)
- _____

Eyðublöð eru oft á „rafrænu“ formi. Það þýðir að þau eru á netinu. Prófaðu að fara inn á heimasíðuna: **www.thjodskra.is** og æfðu þig að fylla út eyðublöð þar.

4. Að svara í símann!

4.1 Get ég tekið skilaboð?



H2.91

- Karl: Halló.
- Bartosz: Hæ, er Eva heima?
- Karl: Nei, hún er ekki heima núna. Get ég tekið skilaboð?
- Bartosz: Já, viltu biðja hana að hringja í Bartosz.
- Karl: Og hvað er númerið?
- Bartosz: Hún veit númerið mitt.
- Karl: Fyrirgefðu, hvernig þekkir þú konuna mína?
- Bartosz: Við erum að læra íslensku saman í skólanum.
- Karl: Ó, auðvitað. Ég skal skila því.



4.2 Skakkt númer



H2.92

- Barbara: Halló.
- Maður: Hver er þetta?
- Barbara: Ég heiti Barbara. Hver er þetta með leyfi?
- Maður: Afsakið, skakkt númer.

Afsakið,
skakkt númer!



4.3 Er Ólafur við?



H2.93

- Kona: Raftækjabúðin, góðan dag.
- Pétur: Daginn, er Ólafur við?
- Kona: Nei, hann er á fundi til klukkan tvö.
- Pétur: Getur þú sagt honum að Pétur hafi hringt?
- Kona: Já, ég skal gera það.

Góðan dag!



4.4 Get ég fengið að tala við ...?



H2.94

- Maður: Góði bankinn, góðan daginn.
- Silja: Get ég fengið að tala við þjónustufulltrúa?
- Maður: Já, augnablik. Ég skal gefa þér samband.

Er Pétur heima?	Já, bíddu aðeins. Nei, hann er úti að hlaupa.
Er Anna við?	Já, bíddu augnablik. Nei, hún er ekki við. Hún er á fundi.
Get ég fengið að tala við ...?	Já, andartak.
Get ég tekið skilaboð?	Já, takk. Viltu biðja hann að hringja í Númerið er
Getur þú tekið skilaboð?	Já, ekkert mál.
Getur þú sagt honum að Pétur hafi hringt?	Ég skal gera það.
Getur þú sagt henni að hringja í Silju?	Hvað er símanúmerið?

4.5 Skilaboð. Hlustaðu á símtalið og skrifaðu niður skilaboðin



H2.95



Hvað segir Fríða frænka?

Ekki gleyma símaskránni á netinu **www.ja.is**
Þar er hægt að finna nöfn, heimilisföng,
símanúmer og kort.

5. Hvað kann ég?



5.1 Skrifaðu eða leiktu tvö símtöl, til dæmis:



a) að hringja á skrifstofu b) að hringja heim til einhvers c) að hringja í skakkt númer

5.2 Skrifaðu rétt orð í eyðurnar



lengi hefur netinu langar farið keyra keypti

José fór í heimsókn til bróður síns í síðustu viku. Hann _____ oft _____ til hans. Hann _____ rútimiða á _____ og þurfti að sitja _____ í rútnni á leiðinni. Hann _____ að kaupa sér bíl og _____ sjálfur.

5.3 Fylltu út eyðublaðið fyrir sjálfa/n þig



Fullt nafn: _____

Kennitala: _____

Lögheimili: _____

Póstnúmer: _____ Sveitarfélag: _____

Sími: _____ Netfang: _____

Ríkisfang: _____

6. Sjálfsmat – Þetta kann ég!



1. Ég kann orðaforða um ferðalög

- | | |
|-------------------------------------|---------------------------------------|
| <input type="checkbox"/> strætó | <input type="checkbox"/> rútimiði |
| <input type="checkbox"/> skiptistöð | <input type="checkbox"/> rúta |
| <input type="checkbox"/> strætómiði | <input type="checkbox"/> aðra leið |
| <input type="checkbox"/> strætókort | <input type="checkbox"/> báðar leiðir |

2. Ég kann að segja

- Ég ætla að fá einn miða
- Ég ætla að fá strætókort
- Hvað er rútan lengi á leiðinni?
- Hvað kostar miðinn?/kortið?
- Ég hef farið til ...
- Ég keypti miða ...

3. Ég kann að tala í símann – á íslensku

- Er ... heima? Já, hann/hún er heima. Augnablik
- Er ... við? Já, bíddu aðeins. Nei, hann/hún er ekki við.
- Get ég fengið að tala við ...?
- Get ég tekið skilaboð?
- Getur þú tekið skilaboð? Já, ekkert mál.
- Afsakið, skakkt númer.

4. Hvað lærði ég fleira í 8. kafla?

5. Hvað ætla ég að nota?

6. Hvað þarf ég að læra betur?

Lýsingarháttur þátíðar (lh. þt.)

að hafa + sögn í lýsingarhætti þátíðar

að geta + sögn í lýsingarhætti þátíðar

að hafa + fara í lh. þt.		
ég	hef	farið til London
þú	hefur	
hann/hún/það	hefur	
við	höfum	
þið	hafið	
þeir/þær/þau	hafa	

að geta + taka í lh. þt.		
ég	get	tekið skilaboð
þú	getur	
hann/hún/það	getur	
við	getum	
þið	getið	
þeir/þær/þau	geta	

Lýsingarháttur nokkurra sagna

nafnháttur	ég hef .../ég get ...
að aðstoða* ¹	aðstoðað
að hjálpa* ¹	hjálpað
að versla* ¹	verslað
að kaupa* ²	keypt
að missa* ²	misst

nafnháttur	ég hef .../ég get ...
að segja* ²	sagt
að taka* ³	tekið
að fá* ⁴	fengið
að fara* ⁵	farið
að þurfa*	þurft

Sagnirnar: að vilja og skulu

ég þú hann/hún/það	vil vilt vill	læra íslensku	Viltu biðja hann að hringja?
við þið þeir/þær/þau	viljum viljið vilja	fara til útlanda í sumar	Viljið þið hætta að tala saman!
ég þú hann/hún/það	skal skalt skal	vaska upp!	Viltu biðja hann að hringja? Já, ég skal gera það.
við þið þeir/þær/þau	skulum skulið skulu	kaupa inn fyrir veisluna	Hver getur keypt inn fyrir veisluna? Við skulum kaupa inn.

Nútið og þátíð

nafnháttur	nútið	þátíð
að sækja* ²	ég sæki þú sækir hún sækir	við sækjum þið sækið þær sækja
að kaupa* ²	ég kaupi þú kaupir hann kaupir	við kaupum þið kaupið þeir kaupa
hafa* ³	ég hef þú hefur hún hefur	við höfum þið hafið þær hafa
þurfa*	ég þarf þú þarft hann þarf	við þurfum þið þurfið þeir þurfa

að ganga vel eða illa

Hvernig gengur íslenskunámið?

Það gengur mjög vel!

Hvernig gekk ferðalagið?

Það gekk vel.

Það gekk illa

